



# Áveitan

6. tbl. 11. árgangur. Júní 2017

## Leikjanámskeiðið hafið

Mjög góð þátttaka er á leikjanámskeiði félagsins sem nú er farið af stað. Kennt verður á íþróttasvæðinu við Þjósárver og á fleiri stöðum alla virka daga 6.–16. júní, frá kl. 8:30-11:00. Kennarar eru Örvar Rafn Hlíðdal og Unnur Bjarkadóttir.

Umf. Þjótandi

## Leikjakvöld í Einbúa

Umf. Þjótandi mun standa að leikjakvöldum í Einbúa vikulega í sumar fyrir krakka fædda 2010 og fyrr. Fjórið verður á þriðjudagskvöldum frá kl 20:00-21:00 og verður fyrsta kvöldið 20. júní. Leiðbeinandi verður Gunnhildur Gísladóttir. Við hvetjum foreldra til þess að nýta þennan klukkutíma meðan krakkarnir eru í leik til þess að ganga um svæðið og ná sér í léttu hreyfingu á okkar fallega félagssvæði.

## Leikjakvöld fyrir unglinga

Árni Geir verður með leikjakvöld fyrir unglinga fædda 2004 og fyrr í sumar. Tímasetning er ekki orðin ljós ennþá en auglýsing verður sett inn á facebook-síðu félagsins mjög fljótlega. Fylgist með!

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson  
icegordon@gmail.com  
S. 820-3565

löunn Ýr Ásgeirsdóttir  
idunnyr84@gmail.com  
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir  
fanneyo@emax.is  
S. 892-4155

## Frá sveitarstjóra

### Kæru íbúar og aðrir lesendur

Það var margt um manninn á sveitarhátíðinni „Fjör í Flóa“ var haldin dagana 26. – 28. maí.

Dagskrá hátíðarinnar var fjölbreytt að vanda og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Á föstudegi var opið hús í Krakkaborg og á skrifstofu Flóahrepps og Hans Allan opnaði myndlistarsýningu í Tré og list í Forsæti. Fjölmennt var í morgunmatnum í Félagslundi og áttu gestir og íbúar þar notalegan laugardagsmorgun. Kvenfélögin í sveitarfélaginu sáu um morgunverðinn og var hann myndarlega styrktur af fyrirtækjum á Suðurlandi. Í Félagslundi var einnig boðið til sýningar á munum ungmennafélaganna og kvenfélagskonur settu upp myndarlegan kökubasar. Hátíðin hélt áfram í Þingborg og þar veitti Rannveig Árnadóttir formaður æskulýðs- og íþróttanefndar íþróttamönnum Flóahrepps viðurkenningu. Íþróttamenn Flóahrepps árið 2017 eru Dagmar Öder Einaradóttir og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

Menningarstyrk Flóahrepp 2017 hlutu tvö verkefni að þessu sinni.

Flóamannabók og Saltkeramik brennsluofn hjá Gallery Flóa.

Á útisvæði í Þingborg voru bílar, vélar og tæki á öllum aldri, smádyr í búrum og hoppukastalar. Á grillinu var gómsætt uxakjöt frá Litla Ármóti og svo íslenska lambakjötið sem aldrei klikkar. Sælgæti í boði Helga í Góu var dreift úr flugvél yfir svæðið og við fengum góða heimsókn frá Brunavörnum Árnessýslu. Sannkölluð sirkus stemmning.

Í Félagslundi skemmti Regína Ósk á fjölmennri kvöldvöku á laugardagskvöldi. Gönguferð var í boði á föstudagskvöldinu og brokk og skokk á sunnudegi. Sölubásarnir með fjölbreyttan varning voru opnir alla helgina í Þingborg. Margt er enn ótalið en fullvíst að alltaf er eitthvað áhugavert gerast á „Fjöri í Flóa“

*Menningarnefnd Flóahrepps, starfsmenn Flóahrepps ásamt, félögum í kvenfélögum í Flóahreppi og Ungmennafélaginu Þjótanda kærar þakkir fyrir frábært framlag við undirbúning og framkvæmd, án ykkar hefði ekki orðið „Fjör í Flóa 2017. Mikill metnaður eins og alltaf*

*Íbúum og gestum þökkum við fyrir komuna og þátttökuna í dagskránni sem og þeim fjölmörgu sem voru að selja og kynna varning í sölubásunum alla helgina.*

**Vinnuskóli Flóahrepps** tekur til starfa 12. júní og starfar til 28. júlí. Mikil skráning er í vinnuskólann og er boðið upp á vinnu fyrir 7. bekkinga tvær vikur í samráði við flokkstjóra. Vinnuskólinn er starfræktur í sjö vikur en hver og einn þarf að taka frí eina viku af þessum sjö í samráði við flokkstjóra. Flokkstjóri vinnuskólans verður Árni Geir Hilmarsson.

**Skrifstofa Flóahrepps** verður lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa 10. júlí – 28. júlí.

**Sveitarstjórn** tekur sumarleyfi í júlímánuði. Fyrsti fundur sveitarstjórnar að loknu sumarleyfi verður haldinn miðvikudaginn **16. ágúst**.

Sveitarstjóri Flóahrepps

### **Vinnudagur á afréttinum**

Laugardaginn 10. júní er fyrirhuguð vinnuferð í Þjórsárdal. Til stendur að girða frá Flóragerði að sundlauginni og dreifa áburði og fræi. Allt vinnuafli vel þegið og sauðfjárþændur eru sérstaklega beðnir um að skila vinnuframlagi þennan dag. Þeir sem ætla að mæta eru beðnir að hafa samband við Reyni í síma 898-0929 sem fyrst.

**Stjórn afréttarmálafélagsins**

### **Héraðsmót HSK fullorðinna**

Héraðsmót HSK í flokki fullorðinna fer fram dagana 27.-28. júní á Selfossvelli. Keppnisgreinar eru eftirfarandi:

**Konur og karlar fyrri dagur:** 100 m - 400 m - 1500 m - hástökk - þristökk - spjótkast - sleggjukast

**Konur og karlar seinni dagur:** - 100/110 m gr. - 200 m - 800 m - 4x100 m boðhlaup- langstökk - stangarstökk - kringlukast - kúluvarp. - 5000 m hlaup karla.

Við hvetjum sem flesta til að skella sér á héraðsmót í frjálsum og reyna að ná í nokkur stig fyrir félagið. Skráningar berist til Guðmundu í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com

## Pistillinn

Þakka Margréti Helgu, fyrrverandi bekkjarsystur fyrir að skora á mig. En ég er sem sagt Sveinn Orri frá Egilsstaðakoti og er með sama vandamáli og Margrét Helga að sækja skóla til Reykjavíkur og stunda ég þar nám við vélstjórn. Ég kys að keyra frekar á hverjum degi til Reykjavíkur en að dveljast þar allan sólarhringinn. Þegar maður er í stórum skóla eins og í Reykjavík eða í fjölbrautaskóla þá áttar maður sig á því hvað maður er heppinn að hafa alist upp í sveit og í litlum skóla. Þar er nándin meiri og maður lærir að umgangast alla eins og þeir eru, það þýðir lítið að vera óvinur einhvers í 13 manna bekk. Ef manni líkaði ekki við einhvern og ætlaði alderi að tala við hann aftur, gekk það illa því maður var alltaf að rekast á hann, maður varð bara að taka fólki eins og það var. Þetta er hins vegar miklu erfiðara í stórum skólum því þar myndast oft klíkur og þá raða sumir vinum í kringum sig og þá verða alltaf einhverjir útundan og vinskapurinn oft brothættari. Ég var í fyrsta bekknum sem fór alla leið upp í 10. bekk og mundi ég telja þetta alla mjög góða vini mína og við stöndum með hvoru öðru. Við hittumst reglulega sem er lítið um annar staðar, minnsta kosti sem ég best veit. Kennslan var miklu persónulegri og reynt að rækta hæfileika hvers og eins. Flóaskóli er frábær skóli og ég vorkenni öllum sem hafa ekki fengið þann heiður að læra í honum. Þegar við fórum í fjölbraut þekktum við orðið marga úr hinum sveitaskólunum í kring, enda auðvelt að kynnast fólki sem er líka úr litlum skóla. Síðan í fjölbraut sá maður oft að sveitakrakkar sköruðu fram úr með að tala í pontu eða með sköpun að gera. Ég vil meina að okkar sveitarfélag sé mjög öflugt og framsýnt, það er með öflugt íþróttafélag, skóla og hvað er ekki hægt að fá í Flóanum? Hér er allt hægt að fá, allt frá jarmandi kind upp í nýsprautaðan bíl.

Því næst ætla ég að skora á yfirkokkinn hjá GB bílum, hana Elsu á Hlíðarbrún.

Sveinn Orri Einarsson

### **Verktaka í heyskap**

Tökum að okkur slátt og bindingu á stórböggum í sumar. Baggarir eru 120x80x120-180 cm að stærð.

Kristinn s: 8697625 & Sigmar s: 6968653



## Úrslit af Vormóti HSK

Þjótandi átti tvo keppendur á Vormóti HSK sem fór fram laugardaginn 20. maí á Selfossi. Þeir stóðu sig mjög vel og miklar bætingar urðu á mótinu. Hér má sjá árangurinn þeirra:

|                             |                 |            |          |
|-----------------------------|-----------------|------------|----------|
| Brynjar Jón Brynjarsson '01 | 100m hlaup      | 12,51 sek  | 18. sæti |
|                             | 800m hlaup      | 2:26,9 min | 4. sæti  |
|                             | Langstökk       | 4,50m      | 10. sæti |
|                             | Spjótkast       | 28,90m     | 7. sæti  |
| Stefán Narfi Bjarnason '00  | 100m hlaup      | 11,95 sek  | 12. sæti |
|                             | Langstökk       | 6,00m      | 5. sæti  |
|                             | Spjótkast       | 47,10m     | 4. sæti  |
|                             | Kúluy. (7,26kg) | 9,98m      | 6. sæti  |

## 17. júní í Flóahreppi

Kvenfélögin í Flóahreppi og Ungmennafélagið Þjótandi standa sameiginlega að hátíðarhöldum á Þjóðhátíðardaginn kl. 14. Staðsetning samkomunnar er ekki endanlega ákveðin en hún verður að öllum líkindum annað hvort í Einbúa eða Þingborg. Hátíðin verður nánar auglýst í dreifibréfi þegar nær dregur.

Ungmennafélagið og kvenfélögin

## Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps:

Vorfundur félagsins verður haldinn í Þingborg mánudagskvöldið 12. júní kl. 20:30. Hittumst hressar og kátar eftir vel heppnað Fjör í Flóa og förum yfir stöðuna og ræðum starfið framundan. Nýir félagar ávallt velkomnir.

*Kaffihópur: Gunnur S. Gunnarsdóttir, Svanhvít Hermannsdóttir, Berglind B. Guðnadóttir og Elín Magnúsdóttir.*

Vonumst til að sjá ykkur sem flestar .

Með bestu kveðju, stjórnin.

## Frá Einbúanefnd Þjótanda

Það er helst að fréttu af Einbúa, hinu skemmtilega og fallega útivistarsvæði Ungmennafélagsins Þjótanda að þar eru fyrirhugaðar smá framkvæmdir nú í vor. Búið er að koma þangað 8 feta gámahúsi með tveimur salernum. Verið er að vinna í því að koma því fyrir verður þeim framkvæmdum vonandi lokið fyrir 17. júní. Ef einhverjir eru tilbúnir að bjóða fram aðstoð sína er sú aðstoð vel þegin og viðkomandi mætti gefa sig fram við Baldur Gauta í síma 867-3538.

Og fyrir þá sem ekki vita hvað Einbúi er, þá er það fallett útivistarsvæði í Oddgeirshólaklettum. Landið tilheyrði áður jörðinni Austurkoti og er um 2,5 hektarar að stærð. Árið 1931 gaf þáverandi ábúandi í Austurkoti, Guðmundur Sigurðsson Ungmennafélaginu Baldri lítinn landsskika til ræktunar í kringum klettinn Einbúa sem er hluti af Oddgeirshólaklettum. Allt síðan þá hefur svæðinu verið sinnt af kostgæfni af ungmennafélögum t.d. með ræktun trjágróðurs og gerð íþróttavallar. Í Einbúa hafa ótal íþróttamenn stigið sín fyrstu skref í æfingum og keppni hvort sem um að ræða frjálsum íþróttum eða fótbolta. Í Einbúa hafa verið haldin í gegnum tíðina ýmiskonar íþróttamót s.s. Flóamót (keppni milli Umf. Baldurs, Samhygðar og Vöku) og Baldurs- og Skeiðamót (keppni milli Umf. Baldurs og Skeiðamanna). Þá hýsti svæðið Þjóðhátíðardagskrá Umf. Baldurs á 17. júní flest árin frá 1957.

Á svæðinu er mjög fjölskrúðugt gróðurfar. Og hér er gaman að koma í góðu veðri á miðju sumri þegar allt í blóma. Það má finna berjalyng í klettinum, lítið en nokkuð gjöfult berjaland. Endilega kikið við í Einbúa í sumar og njótið náttúrufegurðar og kyrrðarinnar sem þarna ríkir. Og fyrir þá sem ætla að skella sér í bíltúr en vita ekki nákvæmlega hvar þetta er þá er beygt af Þjóðvegi nr. 1 inn á Oddgeirshólaveg nr. 304. Síðan er ekin sem leið liggur framhjá Hraungerði, Litlu-Reykjum, Stóru-Reykjum, Reykjasei og Austurkoti, næstum alla leið heim í hlað á Oddgeirshólum. En áður en komið er alla leið heim í Oddgeirshóla er beygt til hægri og ekið undir klettunum í gegnum hlið sem á að vera lokað (sé það lokað þegar komið er að því). Þvínæst er komið að gatnamótum, þar sem valið að beygja til hægri, þá ætti útivistarsvæðið í Einbúa að blasa við fljótlega á hægri hönd.

## Vinnukvöld í Einbúa

**Mánudagskvöldið 12. júní** er fyrirhugað ef að veður leyfir, að hafa vinnukvöld í Einbúa. Er þá ætlunin að slá og hreinsa áhorfendapalla og í kringum húsin. Einnig er kominn tími á að lagfæra girðingu í kringum svæðið. Við hvetjum alla sem vettlingi geta valdið til að mæta, einhverja með sláttuvélar og hrifur, aðra með hamra og áhöld til viðgerðar á girðingunni. Hver veit hvað ungmennafélagið mun bjóða upp á í lok kvölds ☐

Einbúanefnd Umf. Þjótanda

## Nú er komið að því!

Við í Skógræktarfélagi Villingaholtshrepps ætlum að fara í skógarferð út fyrir sveitarmörkin, og heimsækja skógræktina í Haukadall sem er svo kallaður Þjóðskógur og í eigu Ríkisins. Þar var byrjað að gróðursetja upp úr 1940 þannig að trén eru orðin nokkuð stór og af hinum ýmsu tegundum. Um skóginn er auðvelt að ganga því þar liggja góðir göngustígar og áætlunin er að skoða meðal annars Svartagil og Gunnarslund.

Við stefnum á að fara **miðvikudagskvöldið 7. júní**, og vonum að veðrið verði hagstætt. Lagt verður af stað frá Orustudal kl 18.00 og þar geta þeir sem vilja sameinast í bíla. Síðan byrjar gangan á bílastæðinu í Haukadall kl 19.00. Þeir sem vilja geta mætt þar, og til að komast þangað er farið framhjá sjöppunni á Geysi og beygt strax til vinstri upp með hverasvæðinu. Þetta er fyrsta bílastæðið sem maður kemur að á leiðinni upp að Haukadalskirkju, í skógarjaðrinum, ekki stæðið inni í skóginum.

Ef veðrið verður mjög leiðinlegt þetta kvöld höfum við sem varaáætlun að fara kvöldið á eftir, 8. júní. (Til öryggis hafið samband við Lenu ef þið eruð í vafa). Þessi ferð er öllum opin. Takið með ykkur nesti og góða skapið og eigið skemmtilega kvöldstund með okkur!

Nánari upplýsingar um ferðina gefur Lena í Orustudal í síma 6950831  
Stjórnin

*PS! Plönturnar eru komnar. Þeir sem hafa pantað hafið samband við Erlu í síma 849 0502*

## Fótbolti á sunnudagskvöldum

**Sunnudagskvöld í sumar eru fótboltakvöld Umf. Þjótanda. Enginn þjálfari er á staðnum, en fólk á öllum aldri er hvatt til að mæta á íþróttavöllinn við Þjórsárver kl 20:00 og spila fótbolta saman.**

**Íþróttanefnd**

## Nýir gestir í gördum og gróðri - 2. Folafluga, rifsþéla, asparglytta, birkikemba

Allt eru þetta nýir landnemar og í nokkuð örri útbreiðslu. Flestar geta gert nokkurn usla í ræktunarlöndum og trjágróðri.

**Folafluga** er af sömu ættkvísl og hrossaflugan sem flestir þekkja. Folaflugan er stærri og ágengari á plönturætur en hún. Fullvaxnar lirfur folaflugunnar eru um 3cm á lengd, bústnar og aflangar, fótalausar og hrossabjúgnagráar með kröftugan bitmunn. Þær leggjast á rótarháls plantna, og geta gert mikinn usla í graslendi og kornökrum, rófna- og kartöflurækt. Engin hagnýt vörn er til gegn henni en erlendis virðast starar vera mikilvirkir í að halda lirfunum í skefjum. Svo mjög að víða hafa menn komið upp starabyggðum í námunda við golf- og knattspyrnuvelli sem hrjáðir eru af nagi folaflugulirfunnar.

**Rifsþéla** er af ættbálki blaðvespna, gljándi gullingul á búkinn. Hennar varð fyrst vart hér á landi fyrir svosem áratug. Rifsþélan leggst einungis á rifstegundir. Fyrst og fremst stikilsberjarunna en getur líka gert sér rifsberja- og sólberjarunna að að góðu. Flugan er á ferðinni skömmu eftir laugun og verpir eggjum sínum neðan á blöð. Lirfurnar skrída úr eggjunum og byrja strax að naga blöðin. Fyrstu merkin um það eru að á þeim fara að sjást lítil göt, nokkuð skipulega á milli blaðæðanna. Lirfurnar á fyrstu stigum eru grænar með sérkennilegum svörtum doppum. Þær raða sé um blöðin og kaléta blaðvefina og skilja svo einungis blaðstilkana eftir, svo að runnarnir verða lauflausir. En oftast ekki fyrr en ber eru þvísennæst fullþroskuð og klasarnir standa einir eftir. Runnarnir svekkjast mikið við þetta svo að berjauppskera verður rýr árið eftir. Erfitt er um varnir. Úðun með leyfilegu skordýraeitri um leið og lirnanna verður vart. En kjósi fólk frekar umhverfsvænni aðferð er hægt að gera sterkt seyði af rabbarbarablöðum og blanda því í milt sápuvatn og úða á runnana, einkum undir blöðin.

**Asparglytta** er um 4mm löng, svart-kopargljándi, fremur hnellin bjalla. Oftast sjást þær nokkrar saman á asparblöðum í byrjun sumars. Asparglyttunnar varð fyrst vart hérlendis árið 2005, þá við Kollafjörð, en hefur síðan dreifst mjög víða um landið. Bjöllurnar fljúga um en geta líka borist með plöntum, farartækjum og varningi, svo að erfitt er að segja til um hve útbreiðslan er orðin víðfeðm. Hér í kring um Selfoss hef ég séð hana síðan 2007. Bjöllurnar



maka sig og verpa neðan á blöð á aspa- og víðitegundum. Alaskaösp, viðja og gulvíðir eru helstu viðfangsefni hennar. Þegar lirfurnar skríða úr eggjum raða þær sé eins og kindur á jötu og naga neðraborð blaðanna þannig að aðeins verður eftir brúnt skæni. Lirfurnar eru gráar, alsettar svörtum doppum. Líklegt er að hér komist á legg tvær kynslóðir. Sú fyrri í maí-júni og sú seinni um þar bil sex vikum síðar. Kynslóðirnar ná að vaxa, púpa sig og skríða úr púpunni á um það bil tveim mánuðum. Haustkynslóðin nær að skríða úr púpu áður en haustfrost sverfur að og bjöllurnar yfirvetra í smugum í föstu efni eins og t.d. föllnum trjábolum eða vörubrettum, þar sem þau er að finna. Ef slíkt er flutt úr stað á milli héraða er það kjörin útbreiðsluaðferð fyrir asparglyttuna. Asparglyttan getur farið mjög illa með lágvaxnar víðtegundir og kalétið þær upp í topp. Sömuleiðis leggst hún á rótarskot aspa og aspargræðlinga í uppvexti. En venjulega heldur hún sig neðan við tveggja metra hæð, svo að krónur fullvaxinna aspa sleppa við laufskemmdir af hennar völdum. Fátt er um varnir gegn asparglyttu. Hún er bragðvond, svo að fuglar láta hana í friði. Í sjálfu sér er hún ekki mikill skaðvaldur nema þegar verið er að koma þeim tegundum sem hún leggst á á legg í gróðrarstöðvum eða skjólbeltum. Má þá grípa til leyfðs skordýraeitis til úðunar.

**Birkikemba** er lítið, rauðmóleitt mölfiðrildi sem er á ferðinni um laufgunartíma birkis. Fyrstu heimildir um veru hennar hér á landi eru síðan 2003. Kvenflugurnar verpa eggjum sínum í þrútin birkibrum og lirfurnar bora sér inn í laufin þegar þau springa út. Lirfan er fótalaus og nærast á plöntusafanum í blaðinu sem hún hlaut í vöggugjöf. Blaðið verður fyrst hálf glært og gegnsætt. En um þann mund sem lirfurnar eru fullvaxnar verða blöðin að brúnum skænum. Í sumum árum geta birkiskógar orðið brúnir yfir að líta upp úr miðjum júní. En þá er lirfan farin niður og búin a púpa sig í jörð. Þaðan kemur hún úr púpunni næsta vor svo að hringrásin heldur áfram. Þótt mörg birkitré verði ljót eftir vegsummerki birkikembunnar um mánaðamót júní-júlí, þá gerir það trjánum ekkert til. Brúnu blöðin falla af á nokkrum vikum og ný blöð og góður ársvöxtur birkisins er komið á skrið í byrjun júlí. Aðgerðir eru því óþarfar.

Texti: Hafsteinn Hafliðason  
GSM: 864-4990

**Tek að mér hesta í tamningu/ þjálfun í sumar í Dalsmynni.  
Upplýsingar í síma 848-1947. Rúnar Hjálmarsson**

# Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

## Úr fyrstu fundagerðabók Kvenfélags Villingaholtshrepps

### I KAFLI

Í fyrstu fundagerðarbókinni eru skráðir 43 fundir á árabílinu 1917-1934 (í bókinni er aðeins einn fundur 1934 en ekki aðalfundur) það þýðir að á sautján árum ef við sleppum þessum eina fundi árið 1934 hafa verið fundað 2-3 á ári mest voru 5 fundir árin 1930, 1932 og 1933. Ekki er í öllum fundagerðunum getið hvað margar konur sátu fundina en þegar þess er getið hafa yfirleitt verið 15-17 konur á hverjum fundi. Á einum fundi er getið um 8 konur og þegar mest var voru 22 mættar. Fundirnir voru allir haldnir ýmist í Þingdag (15 sinnum) eða Villingaholti (28 sinnum) Á fyrsta fundinum 27. Okt 1917 mættu 16 konur.

Árið 1926 voru skráðar 41 kona í félagið reyndar eru strikað yfir nafn 5 kvennanna og veit ég ekki hvort þær voru gengnar þá úr félaginu eða seinna þar sem félagatal voru ekki gerð á hverju ári. Og 1929 voru þær 35 (tvær yfirstrikaðar) og 1931 eru þær enn 35 og eins 1934.

Á öðrum fundi félagsins 2. júlí 1918 var strax farið að nefna skemmtun sem kvenfélagið ætlaði að standa fyrir og átti að halda hana að Villingaholti sunnudaginn í þrettánda viku sumar. Ekkert er um það hvernig skemmtun það var né aðrar skemmtanir kvenfélagsins á þessum árum en 1926 og 1927 er talað um tombólu og 1927 er talað um bögglassölu, söng, dans og ef til vill upplestur eða fyrirlestur. Á öðrum aðalfundi félagsins 26. okt 1918 er fyrsta skemmtinefninn kosin og er þær Kristrún í Villingaholti, Þuríður á Hurðarbaki og Júlía á Urriðafossi kosnar til að tiltaka skemmtiatriði og halda utan um skemmtanirnar. Á árabíliu 29-34 er talað um barnaskemmtun að vori en skemmtanir voru haldnar á hverju ári fyrstu ár félagsins og oft 2-4 sinnum.

Engar sér bækur eru til með reikningum félagsins nema í fundagerðabókinni sjálfri og ekki fyrir nærri öll árin, kannski hafa þeir reikningar verið í annara bók og tapast. En til eru reikning frá fyrstu árunum og þar kemur fram að ágóði af skemmtun 22.7.1919 hafi verið 150 kr. og ágóði af skemmtun í desember 1919 eru 96,50 kr. Í reikningum félagsins 1922-1923 kemur fram innkoma af 4 skemmtunum sumar, vetur vor og haust og innkoma af þessum skemmtunum var alls, 193,50 kr. Aðeins er tilgreint í einni fundagerð hvert ágóðinn af skemmtunum átti að renna en hann átti að renna til Maríu í Forsæti í tilefni af húsbruna sem heimilið hennar varð fyrir.

Fyrstu reikningar félagsins eru samtekt þriggja ára og er í upphafi sagt að í sjóði séu 64,65 kr en hvernig sjá sjóður er tilkominn er engin gögn til um en

Það er töluvert meira en árgjöld félagsins þess árs, þar sem á fyrsta fundinum mættu 16 konur sem borguðu félagsgjöld þ.e. 1kr hver. Í fyrstu fundargerðinni er sagt frá því að í aðdraganda að stofnun félagsins hafi konur áður lagt til 1 kr í árstillag. Tæplega er sjóðurinn tilkomin af því. Eins er innkoma ársins 1918 kr 160,7 kr og er það eitthvað meira en árstillög þess árs, sennilega er það ágóði af skemmtun sem getið er í annari fundargerðinni Skemmtanir og félagsgjöld voru aðaltekjur félagsins þessi fyrstu ár en strax 1922 var tekin ákvörðun að kaupa spunavél og var hún keypt og kom þá um haustið eins og sagt var frá í síðasta pislí. Komu nokkrar tekjur af spunanum. Á haustfundi 1931 er talað um að veita kaffi og kökur í Dælarétt þá um haustið en ekki getið að kvenfélagið hafi fengið eitthvað fyrir það. Á júní fundi 1918 kom fram uppástunga frá Guðbjörgu í Þingdal að konur gæfu einhverja laglega unna muni til að selja félaginu til ágóða. Ekkert kemur fram að félagið hafi selt einhverja muni frá konum.

Fyrstu styrkir sem félagið gaf voru til 50 kr til Gróu Gestsdóttur og 25 kr til Kristínar Gísladóttur. Og síðan eru getið um gjafir til 17 heimila á þessu tímabili sem námu frá 12 kr til 90 kr. alls 767 kr. (tekið úr þeim upplýsingum sem er að finna í fundargerðarbókinni)

Í nóvember 1921 var samþykkt að hver kona safni hver á sínu heimili smá samskotum handa austurískum börnum og gjaldkera gefin heimild til að bæta við af félagssjóði eftir umtali fundarinnis. Ekki er til neitt um það hvað safaðist eða hvað félagið lagði til.

Árið 1924 var samþykkt að gleðja Maríu Hafliðadóttur á einhvern hátt en það kemur síðan ekki fram hvort eða á hvern hátt það hefur verið.

Þá var lestrarfélagið styrkt um 15 kr árið 1925.

Í júní 1930 kom tillaga frá Guðrúnu á Hurðarbaki að styrkja sængurkonur innan félagsins um nokkrar krónur (5-10 kr) og var það samþykkt.

Og í nóvember 1930 kom til umræðu að kvenfélagið gæfi kirkjunni eitthvað af messuklæðum.

Slysavarnarfélag Íslands fékk í sumargjöf frá félaginu 100 kr árið 1933 og samþykkt að styrkja það síðan um 10 kr á ári.

Það hefur verið ýmislegt rætt á þessum fyrstu fundum félagsins og mikill eldmóður í konum. Í þessum pistli tek ég bara saman hvaða fjárölfun félagið hafði og hvað þær voru að styrkja. Margt fleirra var rætt og samþykkt á fundunum varðandi hrepps, héraðs og landsmála sem verður að koma í næsta pistli. Grátlegt er samt hvað lítið er til um starf félagsins á milli funda þar sem engar árskýrslur eru gerðar fyrir 1936.

Elín Bj. Sveinsdóttir

**Maí-mótaröð Umf. Þjótanda** fór fram nú í maí og er staðgengill Þingborgarmótsins sem ávallt var haldið í maí. Mótaröðin fór þannig fram að krakkarnir kepptu í einni keppnisgrein á hverri æfingu mánaðarins hjá Örvvari. Árangurinn var skráður niður og í lok mánaðarins voru veittar viðurkenningar fyrir allt mótið í heild sinni. Allir keppendur fengu viðurkenningarskjal fyrir þátttökuna en auk þess var haldin stigakeppni hjá elsta- og miðstigi. Hjá þeim hópum fengu sex efstu keppendur í hverri grein stig og þannig fundinn út sigurvegari í stigakeppni pilta og stúlkna. Mótaröðin var bæði haldin inni og úti en hástökkið og 30m hlaupið var haldið utandyra. Hér eru úrslit mótsins.

### Elsta stig

#### Langstökk

|                           |       |
|---------------------------|-------|
| Ingibjörg H. Jóhannesd.   | 1,99m |
| Sigurbjörg Eva Ernudóttir | 1,97m |
| Dagur Fannar Einarss.     | 2,33m |
| Hugi Snær Jónsson         | 2,27m |
| Símon Martinsson          | 2,19m |
| Elías Örn Jónsson         | 2,09m |
| Pétur Þór Brynjólfs.      | 1,84m |
| Logi Viðarsson            | 1,81m |
| Smári Þór Svansson        | 1,33m |

#### Hástökk

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Ingibjörg H. Jóhannesd.   | 1,35m  |
| Sigurbjörg Eva Ernudóttir | 1,15m  |
| Dagur Fannar Einarsson    | 1,55m  |
| Unnsteinn Reynisson       | 1,50 m |
| Símon Martinsson          | 1,15m  |
| Hugi Snær Jónsson         | 1,15m  |
| Elías Örn Jónsson         | 1,10m  |
| Smári Þór Svansson        | 1,10m  |

### Kúluvarp 3kg

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Ingibjörg H. Jóhannesd.   | 6,26m  |
| Sigurbjörg Eva Ernudóttir | 5,02m  |
| Dagur Fannar Einarsson    | 11,00m |
| Pétur Þór Brynjólfsson    | 9,20m  |
| Logi Viðarsson            | 8,20m  |
| Elías Örn Jónsson         | 7,69m  |
| Hugi Snær Jónsson         | 6,90m  |
| Símon Martinsson          | 6,56m  |
| Smári Þór Svansson        | 6,50m  |

### Stigakeppni piltar elsta stig

|                        |         |
|------------------------|---------|
| Dagur Fannar Einarsson | 18 stig |
| Hugi Snær Jónsson      | 11 stig |
| Símon Martinsson       | 10 stig |
| Elías Örn Jónsson      | 9 stig  |
| Pétur Þór Brynjólfsson | 7 stig  |
| Logi Viðarsson         | 5 stig  |
| Smári Þór Svansson     | 2 stig  |

### Stigakeppni stúlkur elsta stig

|                             |         |
|-----------------------------|---------|
| Ingibjörg H. Jóhannesdóttir | 18 stig |
| Sigurbjörg Eva Ernudóttir   | 15 stig |

## Miðstig

### Langstökk án atrennu

|                           |       |
|---------------------------|-------|
| Sigurjón Reynisson        | 2,10m |
| Hjalti Geir Jónsson       | 1,93m |
| Einar Skeggjason          | 1,85m |
| Ágúst Þorsteinsson        | 1,50m |
| Sigurjón Óli Ágústsson    | 1,65m |
| Heinz Jóhann Brynjólfsson | 1,60m |

|                              |       |
|------------------------------|-------|
| Guðmunda Bríet Steindórsd.   | 1,88m |
| Erlín Katla Hansdóttir       | 1,85m |
| Freyja Kristín Guðjónsdóttir | 1,68m |
| Heiða Lára Bjarnadóttir      | 1,61m |
| Þórunn Surludóttir Schacht   | 1,42m |
| Laufey Árnadóttir            | 1,30m |
| Ólöf Vala Heimisdóttir       | 1,30m |
| Elísabet Ingvarsdóttir       | 1,19m |

### Hástökk

|                        |       |
|------------------------|-------|
| Sigurjón Reynisson     | 1,05m |
| Hjalti Geir Jónsson    | 1,05m |
| Einar Skeggjason       | 1,05m |
| Sigurjón Óli Ágústsson | 1,05m |
| Ágúst Þorsteinsson     | 0,90m |

|                              |       |
|------------------------------|-------|
| Katrín Ágústsdóttir          | 1,25m |
| Guðmunda Bríet Steindórsd.   | 0,95m |
| Freyja Kristín Guðjónsdóttir | 0,95m |
| Erlín Katla Hansdóttir       | 0,90m |
| Heiða Lára Bjarnadóttir      | 0,90m |

## Kúluvarp 3kg strákar 2kg stelpur

|                           |       |
|---------------------------|-------|
| Heinz Jóhann Brynjólfsson | 8,10m |
| Sigurjón Reynisson        | 7,60m |
| Einar Skeggjason          | 7,30m |
| Ágúst Þorsteinsson        | 7,13m |
| Sigurjón Óli Ágústsson    | 7,10m |
| Hjalti Geir Jónsson       | 6,02m |

|                              |       |
|------------------------------|-------|
| Freyja Kristín Guðjónsdóttir | 8,20m |
| Guðmunda Bríet Steindórsd.   | 7,00m |
| Erlín Katla Hansdóttir       | 5,72m |
| Heiða Lára Bjarnadóttir      | 5,40m |
| Þórunn Surludóttir Schacht   | 5,30m |
| Laufey Árnadóttir            | 4,10m |
| Ólöf Vala Heimisdóttir       | 4,00m |
| Elísabet Ingvarsdóttir       | 4,00m |

### Stigakeppni piltar miðstig

|                       |           |
|-----------------------|-----------|
| Sigurjón Reynisson    | 15,5 stig |
| Einar Skeggjason      | 12,5 stig |
| Hjalti Geir Jónsson   | 10,5 stig |
| Sigurjón Óli Ágústss. | 8,5 stig  |
| Ágúst Þorsteinsson    | 7 stig    |
| Heinz J. Brynjólfss.  | 7 stig    |

### Stigakeppni stúlkur miðstig

|                              |           |
|------------------------------|-----------|
| Guðmunda B. Steindórsd.      | 15,5 stig |
| Freyja Kristín Guðjónsdóttir | 14,5 stig |
| Erlín Katla Hansdóttir       | 11,5 stig |
| Heiða Lára Bjarnadóttir      | 8,5 stig  |
| Katrín Ágústsdóttir          | 6 stig    |
| Þórunn Sturludóttir Schacht  | 4 stig    |
| Laufey Árnadóttir            | 2 stig    |



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

## Yngsta stig

### Langstökk án atrennu

|                             |       |
|-----------------------------|-------|
| Svandís Aitken Sævarsdóttir | 1,75m |
| Hugrún Svala Guðjónsdóttir  | 1,52m |
| Eyrún Sif Elíasdóttir       | 1,50m |
| Karólína Þórbergisdóttir    | 1,45m |
| Ásdís Eva Magnúsdóttir      | 1,40m |
| Júlía Kolka Martinsdóttir   | 1,20m |

|                           |       |
|---------------------------|-------|
| Sæþór Leó Helgason        | 1,92m |
| Helgi Reynisson           | 1,82m |
| Benóný Ágústsson          | 1,80m |
| Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | 1,75m |
| Óskar Freyr Sigurðsson    | 1,65m |
| Arnór Leví Sigmarsson     | 1,60m |
| Kári Þór Steindórsson     | 1,55m |
| Magnús Ögri Steindórsson  | 1,45m |
| Þórarinn Óskar Ingvarsson | 1,38m |
| Guðbergur Davíð Ágústsson | 1,38m |
| Björgvin Guðni Sigurðsson | 1,35m |
| Eyþór Bergmann Ingvarsson | 1,30m |

### Kúluvarp 2kg

|                             |       |
|-----------------------------|-------|
| Eyrún Sif Elíasdóttir       | 5,20m |
| Svandís Aitken Sævarsdóttir | 5,00m |
| Ásdís Eva Magnúsdóttir      | 4,90m |
| Hugrún Svala Guðjónsdóttir  | 4,10m |
| Karólína Þórbergisdóttir    | 3,15m |
| Júlía Kolka Martinsdóttir   | 2,44m |

|                           |       |
|---------------------------|-------|
| Kári Þór Steindórsson     | 6,10m |
| Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | 6,10m |
| Helgi Reynisson           | 5,20m |
| Sæþór Leó Helgason        | 5,00m |
| Björgvin Guðni Sigurðsson | 4,64m |
| Magnús Ögri Steindórsson  | 4,54m |
| Benóný Ágústsson          | 4,26m |
| Eyþór Bergmann Ingvarsson | 3,90m |
| Arnór Leví Sigmarsson     | 3,85m |
| Þórarinn Óskar Ingvarsson | 3,00m |
| Guðbergur Davíð Ágústsson | 2,96m |

### 30m hlaup

|                             |        |
|-----------------------------|--------|
| Karólína Þórbergisdóttir    | 6,1sek |
| Ásdís Eva Magnúsdóttir      | 6,2sek |
| Svandís Aitken Sævarsdóttir | 6,3sek |
| Hugrún Svala Guðjónsdóttir  | 6,7sek |
| Júlía Kolka Martinsdóttir   | 7,0sek |

|                           |        |
|---------------------------|--------|
| Sæþór Leó Helgason        | 5,6sek |
| Hjálmar Vilhelm Rúnarsson | 5,9sek |
| Arnór Leví Sigmarsson     | 6,0sek |
| Helgi Reynisson           | 6,0sek |
| Magnús Ögri Steindórsson  | 6,4sek |
| Kári Þór Steindórsson     | 6,5sek |
| Guðbergur Davíð Ágústsson | 6,5sek |
| Benóný Ágústsson          | 6,6sek |
| Eyþór Bergmann Ingvarsson | 7,0sek |
| Þórarinn Óskar Ingvarsson | 7,9sek |
| Björgvin Guðni Sigurðsson | 8,1sek |



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

## Brokk og skokk-úrslit

Umf. Þjótandi hélt Brokk og skokk keppni í annað sinn á Fjör í Flóa. Keppnin fór fram sunnudaginn 28. maí við frekar votar aðstæður. Þrátt fyrir það stóðu knapar og hross sig vel og allir fengu pulsar í boði félagsins að keppni lokinni. Hér eru úrslit keppninnar:

### Fjölskylduhringur

1. Helgi Reynisson, Reynir Þór Jónsson og Ómur frá Hurðarbaki  
12:03,0mín
2. Ásta Björg Jónsdóttir, Kolbrún Katla Jónsdóttir og Yrpa frá Flekkudal  
17:06,0mín

### Íþróttahringur

1. Sigurjón Reynisson, Unnsteinn Reynisson og Rösk frá Hurðarbaki  
23:04,0mín
2. Valdimar Örn Ingvarsson, Einar Ágúst Ingvarsson og Dama frá Fjalli  
25:12,0mín
3. Rúnar Hjálmarsson, Guðbergur Kristjánsson og Djákni frá Langsstöðum  
26:43,0mín
4. Lóa Sjöfn Svansdóttir og Sunna Skeggjadóttir og Kveðja frá Dalbæ  
33:09,0mín

### Hoppukastali til leigu

Umf. Þjótandi á lítinn hoppukastala ætlaðan fyrir leikskólabörn sem hefur stundum verið notaður á viðburðum félagsins og áður á viðburðum Umf. Vöku. Litli hoppukastalinn verður til leigu í sumar og henntar vel fyrir bar-naafmæli eða aðra viðburði og er leigan aðeins litlar 3000 kr. Ef þið hafið áhuga á að leigja kastalann skal hafa samband við Guðmundu í síma 8469775 eða á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com)

## Landsmót UMFÍ 50+

Landsmót UMFÍ fyrir 50 ára og eldri verður haldið í Hveragerði dagana 23.-25. júní n.k. Opnað hefur verið fyrir skráningu á [umfi.is](http://umfi.is) en skáningarfrestur rennur út viku fyrir mót.

Vitað er að nokkrir keppendur verða frá Umf. Þjótanda og miklu fleiri eru hvattir til að skrá sig. Fjölbreyttar greinar í boði. Einnig verða þónokkrir starfsmenn frá okkur á mótinu. Allar nánari upplýsingar eru á [www.umfi.is](http://www.umfi.is).

## **Héraðsmót 14 ára og yngri í frjálsum íþróttum**

Héraðsleikar 10 ára og yngri og Aldursflokkamót 11-14 ára fara fram samhliða sunnudaginn 11. júní næstkomandi. Keppnin fer fram á íþróttavellinum í Þorlákshöfn og hefst kl 10:00. Gaman væri að sjá sem flesta keppendur frá Umf. Þjótanda á mótinu og við viljum því hvetja alla til að skrá krakkana sína til leiks. Skráningar skulu berast á [gudmunda89@gmail.com](mailto:gudmunda89@gmail.com) í síðasta lagi föstudagskvöldið 9. júní. Tímaseðil má sjá þegar nær dregur á [www.thor.fri.is](http://www.thor.fri.is).

### ***Keppnisgreinar:***

#### **Aldursflokkamót HSK**

Stúlkur og piltar 13-14 ára: 100 m hlaup - 600 m hlaup - 4x100 m boðhlaup - langstökk - hástökk - kúluvarp – spjótkest – 80m grindahlaup.

Stúlkur og piltar 11-12 ára: 60 m hlaup - 600 m hlaup - langstökk - hástökk – kúluvarp – spjótkest.

#### **Héraðsleikar HSK**

Stúlkur og piltar 10 ára: 60 m - 400 m- langstökk - kúluvarp- hástökk.

Stúlkur og piltar 9 ára og yngri: 60 m – 400m- langstökk

## **Dagskrá mánaðarins**

|                                     |              |
|-------------------------------------|--------------|
| Leikjanámskeið                      | 6.-16. júní  |
| Skógarferð í Haukadal               | 7. júní      |
| Vinnudagur í Þjórsárdal             | 10. júní     |
| HSK mót 14 ára og yngri             | 11. júní     |
| Fótboltakvöld                       | 11. júní     |
| Vorfundur Kvenfélags Hraungerðishr. | 12. júní     |
| Vinnukvöld í Einbúa                 | 12. júní     |
| Þjóðhátíðardagurinn                 | 17. júní     |
| Fótboltakvöld                       | 18. júní     |
| Leikjakvöld í Einbúa                | 20. júní     |
| Fótboltakvöld                       | 25. júní     |
| Leikjakvöld í Einbúa                | 27. júní     |
| Héraðsmót í frjálsum                | 27.-28. júní |